

## Fundur í langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 14.febrúar 2023

Staðsetning: Teams

Tímasetning: Fundur hófst kl. 9:00

Fundarmenn: Gísli Vilberg, Inga Dís og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Fjölgun á meðlimum í Langhlaupanefnd. Formaður hefur ekki lokið við texta sem skrifstofa getur nýtt til að senda á aðildarfélög. Bætt verður úr því í vikunni. Það er áhugi á að bæta við 1-2 einstaklingum í nefndina.
2. Langhlaupanefnd óskar eftir því að skrifstofa staðfesti að neðangreind hlaup séu tilbúin að taka að sér Meistaramót í götuhlaupum. Jafnframt að aukinn kraftur sé settur í að auglýsa þessi hlaup þegar staðfesting liggur fyrir.  
5km – Víðavangshlaup ÍR  
10km – Brúarhlaupið Selfossi  
Hálft maraþon – Akureyrarhlaup UFA  
Heilt maraþon – Reykjavíkumaraþon
3. Langhlaupanefnd minnir á minnisblað sem sent var á stjórn FRÍ varðandi hlaup sem uppfylla ekki reglugerð um framkvæmd götuhlaupa. Langhlaupanefnd óskar eftir svari þ.e. hvað gera eigi við þessi hlaup. Minnisblaðið var sent 02.11.2022.
4. Umræða um afrekaskrá stöðu afreksskrár. Hún er alvarleg að mati Langhlaupanefndar. Mjög brýnt er að koma úrslitum í skrána sem allra fyrst. Þetta er orðið algjört forgangsatriði og Langhlaupanefnd leggur til að allur fókus sé settur á að klára þetta mál hið fyrsta. Nú nálgast enn eitt hlaupasumarið og mikilvægt að hlaupahaldarar og hlauparar geti séð afrek sín með skýrum hætti. FRÍ verður að vera í forystuhlutverki í því.
5. Góðar umræður í framhaldi af erindi frá ÍR þann 31.jan um tryggingarmál hjá hlaupahöldurum þ.e. brautarvörðum/öðrum starfsmönnum. Óskað eftir því að skrifstofa athugi hvernig þessum málum er háttað t.d. hjá Írum og Norðmönnum. Mikilvægt að þetta sé skoðað vandlega þar sem FRÍ er núna farið að taka gjald af hlaupahöldurum fyrir «vottaða viðburði». Amk þarf að vera algjörlega skýrt hver ber ábyrgð á þessum starfsmönnum.
6. Önnur mál.
  - ⇒ Fyrirspurn varðandi fjölgun mælingamanna. Viðkomandi "mælingamanni" hefur verið svarað af hálfu Langhlaupanefndar en áfram er óskað eftir því að skrifstofa FRÍ kanni með hvaða hætti systursambönd votti dómara sína í götuhlaupum þ.e hvort að eitthvað námskeið eða námsefni sé í boði sem við getum nýtt okkur í því sambandi. Jafnvel fjarnámskeið o.þ.h..
  - ⇒ Umræða um val á hlaupara ársins á hlaup.is. Ljóst að mikilvægi miðlunar á afrekum hlaupara hefur aldrei verið meira. Tilkynningar á samfélagsmiðlum og gerð kynningarefnis á

einstaklingum og afrekum er lykilatriði. Langhlaupanefnd vill beina því til FRÍ að leggja enn meiri áherslu á miðlun afreka , sérstaklega á samfélagsmiðlum.

- ⇒ Langhlaupanefnd óskar eftir því að stjórn FRÍ taki fyrir erindi frá formanni Langhlaupanefndar varðandi val á landsliði í utanvegahlaupum 2023. Tilkynna þarf liðið hið fyrsta.

Fundi slitið kl. 9:35.

Friðleifur ritaði fundargerð.